



Hafnarfirði 27. janúar 2012

Ágætu foreldrar.

Í næstu viku hefst lestrarátak í Hvaleyrarskóla. Allar deildir skólans taka þátt í því en átakið stendur yfir frá 30. janúar – 29. febrúar 2012.

Markmið lestrarátaksins er:

- Að auka áhuga nemenda fyrir lestri.
- Að fá nemendur til að lesa meira en ella.
- Að örva nemendur til að lesa sem mest sér til ánægju.
- Að nemendur lesi áfram af fullum krafti eftir að lestrarátakinu lýkur.
- Að efla lestrarkunnáttu sem er undirstaða fyrir góðum námsárangri nemenda til framtíðar.

Þessar vikur verða nemendur hvattir til að lesa sem best, bæði heima og í skólanum. Gefinn er tími til yndislesturs a.m.k. 20 mín. á dag auk þess sem nemendur hafa aðgang að bókasafni skólans í frímínútum og hádegishléi.

Allir bekkir koma til með að heimsækja Bókasafn Hafnarfjarðar, kynnast safninu og eiga þess kost að fá frítt bókasafnskort. Börnin fá eyðublað sent heim á fyrstu dögum átaksins, þar sem foreldrar verða að staðfesta umsókn um kortið og senda barnið með umsóknina til baka. Mörg börn eiga nú þegar kort. Vinsamlega passið að börnin séu með kortið í töskunni þessar vikur.

Þar sem mikið álag verður á skólabókasafninu þessar vikur langar okkur til að koma upp bókasafni bekkjarins. Við viljum því biðja hvert barn að koma með 1-2 bækur í skólann (muna að merkja bækurnar). Bekkjarkennari mun halda skrá yfir þær bækur sem koma og að áttakinu loknu taka börnin bækurnar aftur heim.

Við óskum eftir góðu samstarfi við ykkur þessar vikur, að þið hvetjið börnin til lestrar þegar heim er komið og/eða gefið ykkur tíma til að lesa með þeim.

Með læsiskveðjum.

Starfsfólk Hvaleyrarskóla.

